



DYSNES Í EYJAFIRÐI

FORNLEIFARANNSÓKN VEGNA FRAMKVÆMDA



Byggðasafn
Skagfirðinga

LILJA BJÖRK BRINKS PÁLSDÓTTIR

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA

2025/299

Höfundur: Lilja Björk Brinks Pálsdóttir. 2025/299

Mynd á forsíðu: Skálatóft í Dysnesi. LBBP.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2025. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
RANNSÓKN 2025	4
AÐFERÐAFRÆÐI	4
UPPGRÖFTUR Á RÚSTAHÓL 3260:6.....	5
KÖNNUNARSKURÐUR 1.....	7
KÖNNUNARSKURÐUR 2.....	9
KÖNNUNARSKURÐUR 3.....	12
KÖNNUNARSKURÐUR 4.....	12
KÖNNUNARSKURÐUR 5.....	13
KÖNNUNARSKURÐUR 6.....	13
UPPGRÖFTUR Á MINJASVÆÐI 3260:7.....	14
KÖNNUNARSKURÐUR 7.....	15
KÖNNUNARSKURÐUR 8.....	18
KÖNNUNARSKURÐUR 9.....	18
KÖNNUNARSKURÐUR 10.....	18
KÖNNUNARSKURÐUR 11.....	18
KÖNNUNARSKURÐUR 12.....	20
KÖNNUNARSKURÐUR 13.....	20
KÖNNUNARSKURÐUR 14.....	20
KÖNNUNARSKURÐUR 15.....	21
UPPGRÖFTUR Á MINJASVÆÐI 3260:1-5.....	21
KÖNNUNARSKURÐUR 16.....	22
KÖNNUNARSKURÐIR 17 OG 18.....	23
KÖNNUNARSKURÐUR 19.....	24
KÖNNUNARSKURÐUR 20.....	24
KÖNNUNARSKURÐUR 21.....	25
KÖNNUNARSKURÐUR 22.....	25
KÖNNUNARSKURÐUR 23.....	26
KÖNNUNARSKURÐUR 24.....	26
KÖNNUNARSKURÐUR 25.....	27
KÖNNUNARSKURÐIR 26, 27 OG 28.....	27
KÖNNUNARSKURÐUR 29.....	28
KÖNNUNARSKURÐUR 30.....	28
KÖNNUNARSKURÐUR 31.....	28
KÖNNUNARSKURÐUR 32.....	29

KÖNNUNARSKURÐUR 33	30
KÖNNUNARSKURÐIR 34, 35 OG 36	30
KÖNNUNARHOLUR 37, 38, 39, 40	31
NIÐURSTÖÐUR	32
HEIMILDASKRÁ	33
FYLGISKJÖL	34
EININGALISTI.....	34
YFIRLITSKORT AF MINJASVÆÐUM.....	36
LOFTMYNDIR.....	39
LÍÓSMYNDASKRÁ	41
KORTASKRÁ	42
GJÓSKUGREINARGERÐ	43

Inngangur


Fyrirhugaðar eru framkvæmdir á Dysnesi í landi Syðri-Bakka og Pálmholts í Hörgársveit. Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér gerð könnunarskurða á Dysnesi í Eyjafirði að beiðni Péturs Ólafssonar hjá Hafnasamlagi Norðurlands.

Fyrir lá fornleifaskráning á framkvæmdasvæðinu¹ og uppgraftarskýrsla² á kumlateig árið 2017. Vettvangsvinna fór fram dagana 23. - 26. mars 2025 og 03. - 07. apríl 2025. Lilja Björk Brinks Pálsdóttir fornleifafræðingur sá um undirbúning vettvangsvinnu ásamt úrvinnslu og skýrslugerð og Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur var verkefnastjóri og sá um skipulag og ut anumhald verkefnisins.

Verkkaupi og landeigandi fær þakkir fyrir veitta aðstoð.

Rannsóknarnúmer Minjastofnunar Íslands: 202503-0134

Rannsóknarnúmer Þjóðminjasafns Íslands: 2025-9



¹ Stefán Ólafsson, 2016.

² Howell M. Roberts, 2017.

Rannsókn 2025

Rannsóknarsvæðið skiptist á þrjá staði: Lítill rústahóll við afleggjara að Gilsbakka, skálalaga bygging í túni norðaustan við fyrrnefndan rústahól og loks mögulegar minjar sem Minjastofnun Íslands var bent á að gætu leynst norðan við sléttuð tún og í hálfgerðu mólendi. Þar sem hefja á framkvæmdir við líforkuver og annan iðnað á Dysnesi fór Minjastofnun fram á mótvægisáðgerðir vegna fornminja á framkvæmdasvæðinu. Þann 13. maí 2024 sendi Minjastofnun inn umsögn vegna líforkuvers á Dysnesi (MÍ202404-0106/6.07/S.S.) Gerði Minjastofnun þá kröfu að gerðir yrðu könnunarskurðir í meint bæjarstæði sem komu fram í minnisblaði um áður óþekktar fornminjar á Dysnesi auk þess sem við bættist skálalaga bygging í túni. Niðurstöður þeirrar rannsóknar fer hér á eftir.

Aðferðafræði

Þar sem unnið var á þremur svæðum með nokkrum minjanúmerum voru þau númer notuð fyrir staðina sjálfa og skurðirnir fengu svo, undir minjanúmeri hvers staðar, sitt hlaupandi númer.

Grafið var í gegnum garða og sniðum lýst en þar sem grunur lék á að um tóft væri að ræða voru grasrót og önnur yfirborðslög fjarlægð með gröfu en svo handgrafið niður að mannvist.

Könnunarskurðir voru vélgrafnir, snið skráð með ljósmynd og/eða teiknuð og þeim lýst. Flatarteikning var gerð á botni skurða þar sem mannvist, aðra en garða, var að finna.

Skurðir voru mældir upp með Trimble JUNO 41/5. Snið voru gerð stafræn í Adobe Illustrator en kort og önnur vinna með landfræðileg gögn fór fram í QGIS forritinu.

Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfræðingur kom á vettvang og kannaði skurði með tilliti til gjóskulaga. Greinargerð hans er að finna aftast í skýrslu.

Eininga- og ljósmyndaskrá er að finna aftast í skýrslu.

Áður óþekktur rústahóll. Ekki virðast vera til neinar heimildir um hann og hann kemur ekki fram í fornleifaskráningu sem gerð var á svæðinu árið 2016.³




Ljósmynd 1 Horft til suðausturs yfir rústahólinn og könnunarskurði.

Um er að ræða lítinn hól sem rís nokkuð bratt frá suðri og vestri en er meira aflíðandi að norðan og austan. Mikil sina er á hólnum og hann virðist ekki hafa verið sléttaður enda þúfnamyndun nokkur. Neðan við hólinn er fremur blautt

enda kom það strax í ljós við skurðargróft að þeir skurðir sem lágu neðst í landslaginu fyllust af vatni. Ekki er augljósar tóft/-ir að sjá á yfirborði vegna sinunnar og þúfna, en þó virðist móta fyrir garðlögum eða girðingarlínunum í kringum hólinn. Þrátt fyrir að reynt hafi verið að kanna meinta garða, sáust engir slíkir í skurðunum. Því verður að telja að um sé að ræða samspil náttúrulegra afla, bleytu, þúfnamyndunar og halla hólsins. Uppi á hólnum sjálfum sást í skurði lítil tóft en hún gengur út úr könnunarskurðinum til suðurs svo lengd hennar er ekki þekkt. Lítið er hægt að segja um eðli hennar eða hlutverk annað en að hún sé að hluta niðurgrafin, með torfveggjum og þaki. Hún hefur varla verið íveruhús þar sem engin viðarkol, móaska eða annað sem venjulega finnst í slíkum húsum sást. Engin augljós merki um að þetta sé skepnuhús fundust heldur.

³ Stefán Ólafsson, 2017.



Kort 1 Dreifing skurða á hólum.

Könnunarskurður 1

Lega ISN93: 536458,591194




Ljósmynd 2 Horft til norðvesturs eftir skurði 1.

Stærð: 6m x 1m

Grafið var niður á mannvist en í NV enda skurðarins var ákveðið að grafa í gegnum torfblending niður á jökulruðning (á 45 cm dýpi) til að ákvarða þykkt mannvistarinnar. Þunnt áfokslag lá undir grasrót sem var misþykk vegna þúfnamyndunar. Komið var niður á mannvist á 20-30 cm dýpi, þykkust var grasrótin í suðausturhluta skurðar. Svo virðist sem mannvistin sé 10-20 cm að þykkt. Ekki er hægt að segja meira um eðli mannvistarinnar að öðru leyti en því að mögulega eru leifar grjóthleðslu [2] auk torfhruns [1] og tveggja niðurgrafta [4] og [6]. Engin augljós gólfög var að sjá.

Eininga númer	Skurða númer	Tegund	Lýsing
1	1	Torfhrun	Járnrikt torf, rauðleitt með flekkjum af H-4 gjósku.
2	1	Grjót	Holtagrjót, hvassar brúnir. Getur hafa verið hluti af hleðslu þó það sé ekki skýrt.
3	1	Uppmokstur	Torfkenndur jarðvegur, blandaður jökulruðningi.
4	1	Niðurgröftur	Nær milli langhliða skurðar, mjókkar eilítið til suðurs. Skorið í gegnum [3] og [5].
5	1	Torfhrun	Torf, líkt torfi í [1], með LNS.
6	1	Niðurgröftur	Líklega niðurgröftur. Meira hringlaga en [4] og minni. Sker í gegnum [7].
7	1	Hreyft	Torfkennt lag, hreyft. Með blettum af H-3 gjóskunni. Mögulega uppmokstur.
8	1	Óhreyft	Óhreyfð grús og möl sem liggur ofan á jökulruðningi.
9	1	Fylling	Fylling í niðurgreftri [4]. Dökkleit torffylling með grjóti líku því sem var í lagi [2]. Mjög smáir blettir af H-3 gjósku.
10	1	Fylling	Fylling í niðurgreftri [6]. Dökkleit torffylling en einsleitari en í [9]. Blettir af LNS.



Teikning 1 Flatarteikning af skurði

1.

Könnunarskurður 2

Lega ISN93: 536468,591180




Ljósmynd 3 Tóft í skurði 2. Horft til suðausturs.

Stærð: 4m x 2m

Tóft sem virðist að hluta til niðurgráfin, í það minnsta vestan megin. Inngangur er til NA, í horni norðurgafls. Afar þunnar leifar eru varðveittar af torfhleðslu á norðurgafli líkt og á vestur langhliðinni en þar er nær allt torf horfið. Austurlanghliðin er varðveitt, torf enn sjáanlegt en það er þó aðeins þunnt skæni. Torfið er rauðleitt með mjög dökkri gjósku. Þarna er um að ræða LNS en henni fylgir fjólurauð slikja og grænleitt lag. Hrunið hefur úr eystri veggnum niður á einskonar gólf [23]. Þetta yfirborðslag er mjög finflekkið með blettum af H-3 gjóskunni og LNS. Örlitlar viðarkolaleifar má sjá á stangli í laginu sem er annars dökkgrábrúnt. Það liggur með vesturlangveggnum og stoðarholum [19] og [20]. Áfokslag [14] var að mestu fjarlægt til að komast að hlutverki tóftarinnar en það lá yfir öllum mannvistarlögum. Einnig var nokkuð fjarlægt af torfhruni [12] í því skyni að kanna hvort gólfög væru þar undir. Engar stoðarholur voru tæmdar svo lýsingar á fyllingum þeirra eiga við það sem sást eftir hreinsun í skurðinum.

Eininga númer	Skurða númer	Tegund	Lýsing
11	2	Veggur	A-langveggur. Dökkleitur með mikilli dökkri gjósku (LNS). Syðst er þykk linsa af grárri gjósku sem er frá því fyrir LNS.
12	2	Torfhrun	Torfhrun úr eystri langvegg. Liggur yfir yfirborðslagi [23] en er undir áfokslagi [14].
13	2	Veggur	N-veggur. Lítið eftir af torfi en þó má sjá gjósku (LNS) og rauða í torfi.
14	2	Áfok	Áfoksjarðvegur. Einsleitur og liggur ofan á torfhruni [12] og yfirborðslögum [15] og [23]. Liggur í kringum stoðarholu [21].
15	2	Yfirborðslag	Með blettum af LNS, ekki jafnflekkótt og yfirborðslag [23] en gæti þó verið sama lagið. Einnig mun traðkaðra.
16	2	Gjóska	H-3 gjóska in situ. Gjóska hefur verið skorin fyrir gólfum innan í tóftinni. Ofan á gjóskuna hefur svo verið hlaðnir torfveggir. Ekkert hefur varðveist af v-langveggnum en örlítið er eftir af þeim nyrðri [13]
17	2	Stoðarhola	Stoðarhola.
18	2	Stoðarhola	Stoðarhola eða innrétting? Ferhyrnd. Dökk fylling.
19	2	Stoðarhola	Stoðarhola eða innrétting? Fylling dökkbrún. Örlitlar viðarleifar í fyllingu.
20	2	Stoðarhola	Stoðarhola eða innrétting? Fylling dökkbrún.
21	2	Stoðarhola	Stoðarhola við vestari langvegg, fylling dökkbrún.
22	2	Stoðarhola	Stoðarhola með leifum af stoð. Ekkert eftir til að varðveita.
23	2	Yfirborðslag	Yfirborðslag, líkt [15] en flekkóttara og dekkra. Gengur upp að niðurgrefti við vegg [25] og upp að stoðarholum [19] og [20].
24	2	Stoðarhola	Stoðarhola við inngang og eystri langvegg. Fylling einsleit, grábrún.
25	2	Gjóska	H-3 gjóska in situ. Gjóska hefur verið skorin fyrir gólfum innan í tóftinni. Ofan á gjóskuna hefur svo verið hlaðnir torfveggir. Ekkert hefur varðveist af v-langveggnum en örlítið er eftir af þeim nyrðri [13]



Teikning 2 Flatarteikning af mannvist í skurði 2.

Könnunarskurður 3

Lega ISN93: 536466,591167

Stærð: 2,5m x 1m



Ljósmynd 4 Suðaustursnið í skurði 3.

Skurði þrjú var fundinn staður sunnarlega í rústahólnum þar sem dauf ummerki um mögulega garðhleðslu var að sjá á yfirborði. Engin mannvist sást hins vegar í skurðinum heldur var komið niður á jökulruðning á einungis 25 cm dýpi. Snið sýnir mikla hreyfingu á jarðvegi og er líklegt að mikið jarðvegsrof hafi átt sér þarna stað.

Könnunarskurður 4

Lega ISN93: 536464,591162

Stærð: 4,5m x 1m

Skurður fjögur er í raun framhald af skurði þrjú en tveir og hálfur metri skilja þá að. Enga mannvist var heldur að sjá hér en mun minna af jarðvegi. Komið er strax niður á jökulruðning þegar gräsrot hefur verið tekin af.



Ljósmynd 5 Suðvestursnið í skurði 4.

Könnunarskurður 5

Lega ISN93: 536450,591179

Stærð: 7m x 1m



Ljósmynd 6 Horft eftir skurði 5 til vestnorðvesturs.

Skurður fimm var gerður í halla vestan megin í rústahólinn. Tilgangur hans var að finna mörk mannvistar til vesturs. Engin mannvist kom í ljós, strax undir grassverði var komið niður á grús og möl sem var blönduð jökulruðningi.

Könnunarskurður 6


Lega ISN93: 536446,591199

Stærð: 5m x 1m

Ekki reyndist unnt að hreinsa skurðinn vegna vatns en í honum var ekki að sjá augljósa mannvist við gröft. Þar er þó í bland við grús og ruðning jarðvegur svo ekki er hægt að segja með fullri vissu á þessu stigi hvort þar kunni að leynast mannvist.



Ljósmynd 7 Horft til norðurs eftir skurði sex.



Kort 2 Kort sem sýnir dreifingu könnunarskurða á minjasvæði 3260:7.

Meðan á undirbúningi stóð fyrir könnunarskurði í meintar minjar á svæði 3260:1-5 fannst á loftmynd grunsamleg skálalaga myndun í túni norðvestan við Kumlholt. Bætti Minjastofnun könnunarskurðum á því svæði við áður gerðar kröfur. Vegna nálægðar við þekktan kumlateg sem var grafinn upp árið 2017⁴ að Dysnesi og Kumholtsörnefnið, sem er í innan við 100m fjarlægð, var í samráði við verkkaupa og minjavörð ákveðið að gera fleiri skurði en styttri til að ná betur utan um mögulega dreifingu minja í kringum skálalaga tóftina nýfundnu.

Minjasvæðið liggur í horni sléttaðs túns sem er ekki marflatt heldur liggur hryggur eftir því skáhallt frá suðaustri til norðvesturs. Mikla frostlyftingu er að sjá í túninu og blautir bollar á ýmsum stöðum á þeim tíma sem rannsóknin fór fram. Það eru því hæðir og dældir sem einkenna þetta annars slétta svæði.

⁴ Howell M. Roberts 2017.




Ljósmynd 8 Horft til austurs eftir skálatóft við upphaf skurðargraftar.

Stærð: 9m x 1m

Tóft sem snýr í austur-vestur. Hún liggur í sléttuðu túni en er þó mjög greinileg á yfirborði. Löguninni svipar til skála og verður hér eftir talað um tóftina sem slíkan. Á austurskammhlið virðist vera lítið rými, mögulega er inngangur í það frá norðurhlið þess. Austurhliðin er mikið sigin en þar gæti hafa verið yfirbyggður inngangur í skálann. Við norðurlanghlið mótar fyrir öðrum skála. Ef dældin sem þar er reynist vera annar skáli eða rými tengt þeim fyrri, samnýta þeir eina langhlið en skálarnir virðast liggja samhliða og vera jafnlangir. Til að aðskilja þá verða notaðir bókstafirnir A og B. A er upphaflegi skálinn sem sást í túni og B þá meintur nýr viðbyggður skáli.

Skáli A

Skurður var gerður yfir syðri langvegg A og inn í miðjan skálann. Mjög lítill jarðvegur lá yfir tóftinni og var einungis þunnt foklag [27] sem skildi að grasrót og torf syðri langveggjar [30]. Grafa átti niður að gólfhlögum eða eldstæði (samkvæmt kröfu Minjastofnunar í bréfi⁵ dagsettu 21. mars 2025) og því var handgrafið eftir að grasrót hafði verið fjarlægð með gröfu. Inni í skálanum var torfhrun [34]. Þetta lag var fremur einsleitt, gulgrænt með LNS og áberandi flekkjum af rauða. Rauðinn hefur myndast eftir að skálinn féll saman en í öllum skurðinum var að sjá rauða og járnþönnu sem hefur myndast í öllum jarðlögum. Eftir að þetta einsleita lag var fjarlægt var strax komið niður á nokkuð þykkt lag af rauða, sums staðar var hann jafnvel nokkuð dökkur. Var því í fyrstu talið að þarna væri komið niður á gólf skálans en þetta reyndist vera náttúrulegt lag sem sjá má í flestum skurðum á þessu svæði. Því var gripið til þess ráðs að grafa niður fyrir þetta lag ef svo kynni að vera að þetta hefði verið borið inn í húsið og á gólfinn. Engin mannvist kom í ljós undan torfhruninu og ekkert í raun sem bendir til þess að þarna hafi nokkuð verið hafst við. Þó ber að gæta þess að mikið jarðvegsrof virðist hafa átt sér stað á svæðinu öllu




Ljósmynd 9 Norðurendi í skurði 7. Engin gólfhlög fundust en þetta er innan veggja skálans. Horft til austurs.

auk túnasléttunar og eru þau mannvistarlög sem annars finnast fremur þunn. Því er ekki útilokað að finna megi betur varðveitta mannvist annars staðar innan skálans.

Utan við skálavegginn [30] mátti sjá þó nokkur umsvif í skurðinum. Syðst í honum hefur gjósku (H-3) verið mokað upp og myndað einskonar pall eða þrep. Upp að þessum uppmokstri var torfhrun og áfoksjarðvegur en ekki var grafið í gegnum þau jarðlög utan holu vegna gjóskurannsóknar. Um einum og hálfum metra sunnan við skálavegg [30] er önnur torfhleðsla [31]. Strengur með H-3 er einkennandi fyrir þessa torfhleðslu en einnig eru lögin mun þéttari

⁵ MÍ202503-0080/ 8.00 /S.I.T.

en í [30]. Engin augljós gólf eða yfirborðslög sjást enda ekki grafið fullkomlega í gegnum hrúnlög. Gólf sást ekki í gjóskuholu sem gerð var í þessum enda skurðarins.



Ljósmynd 10 Austursnið í skurði 7. Sunnan megin við skálavegg.

Skáli B

Nýr meintur skáli sem liggur samsíða skála A. Á yfirborði er greinileg dæld sem liggur austur-vestur og jafnlöng þeirri í skála A. Til að reyna að komast nær því hvort þarna raunverulega væri um annað rými að ræða voru gerðar tvær litlar könnunarholur, hvor um sig skóflubreidd að stærð. Í ljós komu svipuð jarðlög og sást í skurði 7. Í könnunarholu [33] í meintan torfvegg sást undir grasrót og áfoki lélegt torf en ekki augljós hleðsla.

Í könnunarholu [34] í miðja meinta tóft sást engin augljós gólfög heldur sama grænleita torfið [34] og sást í skála A. Ekki er hægt á þessu stigi að segja útfrá þessum vísbendingum hvort mannvistin sem sást í holunum tveimur sé vegna nálægðar við skála A eða hvort þarna er kominn annar skáli sem virðist þá vera jafnilla varðveittur og sá fyrri.

Könnunarskurður 8

Lega ISN93: 536835,591299

Stærð: 4m x 1m

Engin mannvist sást í þessum skurði. Hins vegar voru rauðalög sérlega þykk í honum. Lítill jarðvegur er frá grasrót og niður á forsöguleg jarðlög.



Ljósmynd 11 Engin mannvist sást. Horft til vesturs.

Könnunarskurður 9

Lega ISN93: 536878,591290

Stærð: 3m x 1m

Í þessum skurði var fátt að sjá annað en forsöguleg jarðlög með rauða. Næst grasrót var mikið hreyft lag, líklega til marks um túnasléttunina.



Ljósmynd 12 Horft í norður.

Könnunarskurður 10

Lega ISN93: 536870,591274

Stærð: 12m x 1m

Engin mannvist var í þessum skurði fyrir utan mikið hreyft lag efst við grasrót.



Ljósmynd 13 Hreyfður jarðvegur. Horft til norðurs.

Könnunarskurður 11

Lega ISN93: 536868,591248

Stærð: 4m x 1m

Tveir niðurgreftir [36] og [37] sáust í nyrðri enda skurðar 11. Mikil hreyfing er á efri jarðlögum sem eru vafalítið mannvistarlög [38] sem hafa orðið fyrir vindrofi og túnasléttun. Torf [39] er fyrir miðju og að mörkum syðri enda skurðarins. Það virðist ekki vera þykkt, um 20 cm. Þetta torf sást ekki í öðrum skurðum í kring. Skurður 11 er sá skurður sem er næst Kumlholti en þrátt fyrir það er fátt sem bendir til þess að um sé að ræða annað en tilfallandi, fremur grunna niðurgrefti sem er víða að finna í kringum skála og önnur mannvirki.



Ljósmynd 14 Mikil hreyfing er á efstu lögunum. Horft til norðurs.



Ljósmynd 15 Niðurgreftir í austursniði. Horft yfir að Kumlholti í suðaustur.

Könnunarskurður 12

Lega ISN93: 536856,591258

Stærð: 3,5m x 1m

Enga greinilega mannvist var að sjá í skurði 12. Mikil hreyfing sést í efstu lögum sniða og hafa mannvistarlög, ef einhver voru, horfið við túnasléttun og vindrof.



Ljósmynd 16 Jarðlögin hafa færst mikið úr stað. Horft til norðurs.

Könnunarskurður 13

Lega ISN93: 536829,591255

Stærð: 3m x 1m

Mikið hreyfð jarðlög og mikill jarðvegur sem hefur tapast. Rauði og önnur forsöguleg jarðlög einkenna snið þessa skurðar. Þó er ekki útilokað að torfleifar hafi varðveist undir grassverði.



Ljósmynd 17 Illa varðveitt torf? Horft til norðurs.

Könnunarskurður 14

Lega ISN93: 536815,591279

Stærð: 3,5m x 1m



Ljósmynd 18 Torfhleðsla í austursniði. Mælistikan er einn metri.

Þessum skurði var fundinn staður þar sem var svolítill dæld í túninu og var það til að kanna hvort þar gæti leynst mannvirki. Í ljós kom torfhleðsla [40], nokkuð greinileg. Í henni eru LNS

gjóskur og H-3. Svo sýnist sem hleðslan sé úr streng og hnausum en hnausarnir eru með LNS. Torfhleðslan virðist liggja norðaustur-suðvestur. Ekki sáust önnur mannvistarlög í skurðinum.

Könnunarskurður 15

Lega ISN93: 536801,591290

Stærð: 5m x 1m

Önnur dæld sem leit út fyrir að geta verið mannvirki. Hins vegar fundust afar lítil ummerki um mannvist sökum túnasléttunar og rofs. Líklega er allt horfið.




Ljósmynd 19 Mikið vindrof og afleiðingar túnasléttunar. Horft til vesturs.

Uppgröftur á minjasvæði 3260:1-5

Hér var talið að fimm minjar gætu falist undir sverði; 3260:1 bæjarstæði, 3260:2 bæjarstæði, 3260:3 garðlag, 3260:4 bæjarstæði og 3260:5 gerði. Minnisblað⁶ þess efnis hafði verið skrifað árið 2017 þegar uppgröftur stóð yfir á kumlateigi á Dysnesi. Þá höfðu minjar sést á loftmynd tekinni með dróna. Í samráði við verkkaupa og minjavörð var sömu aðferðafræði beitt hér og á hinum stöðunum, þ.e. að gera fleiri en minni skurði í því skyni að geta dreift þeim betur og kannað það sem grunsamlegt þótti með tilliti til minja.

⁶ Orri Vésteinsson 2017.

Þetta svæði er ólíkt hinum tveimur þar sem það er mun blautara auk þess sem víði- og birkikjarr vex þar innan um lynggróður. Greinilegir rofblettir eru í gróðurþekjunni og ber landslagið þess merki að lengi hafi verið jarðvegsrof á staðnum, sum rofsárin eru löngu gróin á meðan önnur eru nær án nokkurs gróðurs.




Kort 3 Yfirlitskort fyrir minjasvæði 3260:1-5.

Könnunarskurður 16

Lega ISN93: 536594,591641

Stærð: 5m x 1m



Ljósmynd 20 Túngarður í sniði. Horft til norðurs.

Túngarður [41] sem sést á loftmynd. Vegna gróðurs og mikillar þúfumyndunar er hann vart greinanlegur á yfirborði. Mikil hreyfing er á jarðvegi vegna bleytu, gróðurs og þúfumyndunar. Í streng má greina LNS og H-3 og eru að minnsta kosti átta umför greinanleg. Áfokslag [43] hefur safnast upp að garðinum suðvestanmegin en hreyft lag [42] hefur myndast ofan á honum. Samkvæmt gjóskugreiningu er mögulegt að V-1477 liggi yfir garðinum.

Könnunarskurðir 17 og 18

Lega ISN93: 536603,591560
og 536616,591557

Stærð: 5m x 1m og 3,5m x 1m

Skurðir 17 og 18 voru staðsettir þannig að þeir myndu ná hvor yfir sína langhlið meints skála (minjanúmer 3260:1) og inn á mitt gólf. Í ljós kom hins vegar



Ljósmynd 21 Torfhlaðinn garður í skurði 17. Horft til norðausturs.

afar illa farinn garður, sem er bæði mikið siginn en einnig virðist sem kindagötur hafi legið yfir hann og að lokum klofið. Á einhverjum tímapunkti hefur jarðvegsrof tekið sig þarna upp og



Ljósmynd 22 Skurður 18. Í honum reyndist ekki skálaveggur heldur leifar garðs. Horft til suðausturs.

aukið enn á eyðingu garðsins. Nú er svæðið orðið gróið en ber merki um mikla jarðvegseyðingu fyrrum. Hugsanlega er þarna komið framhald af túngarðinum (minjanúmer 3260:3) sem sást í skurði 16.

Könnunarskurður 19

Lega ISN93: 536995,591611

Stærð: 5m x 1m

Garðlag í mjög þýfðu landi. Lyng og birkikjarr vaxa yfir því. Hann er um 45 cm hár en torfið er mjög tætt vegna róta og frostlyftingar. Því er fremur um slitur en streng að ræða en sjá má bæði LNS og H-3 í garðinum.



Ljósmynd 23 Garðlag með slitrum af LNS og H-3. Horft til norðausturs.

Könnunarskurður 20

Lega ISN93: 536583,591618

Stærð: 4,5m x 1m

Garðlag sem líklega sést einnig í skurði 32. Talið var að þarna væri tóft en svo reyndist ekki vera. Hins vegar er þetta að öllum líkindum framhald af garðlagi (minjanúmer 3260:4) sem áður hefur verið skráð af starfsmanni MÍ.

Könnunarskurður 21

Lega ISN93: 536582,591651

Stærð: 4m x 1m



Ljósmynd 24 Torfveggir og torfhrun. Horft til norðurs.

Tóft sem liggur samsíða barði. Tveir torfveggir [55] og [56] eru hvor í sínum enda skurðarins. Torfveggur [56] er mun hærri en [55] rís jafnhátt og torfhrun sem liggur milli veggjanna. torfhrun milli þeirra. Torfhruninu er hægt að skipta í tvö lög, [57] sem liggur upp við vegg [55] og torfhrun [58] sem liggur að hluta til ofan á [55]. Hér er best varðveitta torfið sem hefur sést í skurðunum öllum. Torfhrunið fyrir miðju skurðarins er mjög þétt, líkt og traðkað. Báðir torfveggirnir eru lagðir með streng sem í er LNS og H-3 en LNS er daufar í [55] en [56].

Könnunarskurður 22

Lega ISN93: 536575,591663

Stærð: 3m x 1m

Stuttur skurður sem fylltist fljótt af vatni. Í norðvesturenda hans sáust leifar garðlags eða torfveggjar. Hugsanlegt er að hleðslan sé hluti af meintri tóft sem sást í skurði 33.



Ljósmynd 25 Tóftaveggur með H-3 og LNS. Horft til suðausturs.

Könnunarskurður 23

Lega ISN93: 536594,591641

Stærð: 5m x 1m

Enga mannvist var að sjá í skurðinum heldur ummerki um gamalt jarðvegsrof og áhrif þúfnamyndunar á jarðlög.




Ljósmynd 26 Gamalt rof og þúfnamyndun. Horft í norðaustur.

Könnunarskurður 24

Lega ISN93: 536591,591738

Stærð: 13m x 1m



Ljósmynd 27 Fyrstu tveir metrarnir af norðaustursniði skurðar. Norðurendi, horft til norðausturs.

Skurður 24 var með þeim allra lengstu. Það leit út sem tvö garðlög myndu nást með honum en vegna vatnssöfnunar reyndist ekki mögulegt að hreinsa nema rétt nyrðri endann. Þar sást garðlag sem hefur verið hlaðið fljótlega eftir 1300 því það situr nær ofan á Heklugjóskunni þar

sem hún féll um 1300. Einnig fannst gjóskulagið í torfi í garðlaginu sjálfu. Þrátt fyrir mikla hreyfingu á jarðvegi var Landnámssyrpan óslitin undir áfoks- og jarðvegssuppsöfnun. Mikil lög af rauða sáust svo neðst í sniði.

Það er athyglisvert að H-1300 skuli finnast í þessum skurði því hún hefur ekki sést annars staðar á þessu svæði.

Könnunarskurður 25

Lega ISN93: 536581,591830

Stærð: 4m x 1m

Tóft sem er nyrst á svæðinu, þar er jafnframt blautasti hluti þess. Hún liggur samsíða lágu barði líkt og tóftin í skurði 21. Skurðurinn var fullur af vatni þegar komið var að því að hreinsa hann og skrá og var því ekki mögulegt að vinna frekar við hann.



Ljósmynd 28 Skurður 25 og mögulegar útlínur tóftarinnar. Horft til norðausturs.

Könnunarskurðir 26, 27 og 28

Lega ISN93: 536626,591854 / 536645,591866 / 536634,591835

Stærðir: 4,5m / 3m / 3m x 1m

Þessir skurðir áttu að vera í gerði 3260:5 en voru of vestarlega. Vatn tók að leka í þá um leið og gröftur hófts. Það var því ekki hægt að skoða snið þar sem þau voru gegnsósa og vatn spratt út í gegnum skurðaveggina. Það sem tókst að sjá var mýrajarðvegur, mjög dökkur og erfitt að greina jarðlög í sundur.



Ljósmynd 29 Drónamynd tekin af Antoni Bj. Horft yfir skurði í mýri til suðvesturs.

Könnunarskurður 29

Lega ISN93: 536596,591520

Stærð: 2,5m x 1m

Stuttur skurður til að kanna suðurmörk mannvistar á þessu minjasvæði. Engin mannvist fannst í skurðinum. Grafið var niður á forsögulega mól sem kom í ljós á hálfmeters dýpi.



Ljósmynd 30 Forsöguleg fingerð mól í botni skurðar.


Könnunarskurður 30

Lega ISN93: 536618,591510

Stærð: 5m x 1m

Skurður var gerður í því skyni að kanna hvort garðlag lægi sunnan við meinta skála í 3260:1.

Svo reyndist ekki vera heldur sást í sniði þúfumyndun og mikil náttúruleg hreyfing á jarðvegi.



Ljósmynd 31 Sennilega er þarna að sjá gróið, gamal rofabarð. Horft til norðausturs.

Könnunarskurður 31


Lega ISN93: 536566,591609

Stærð: 2,5m x 1m



Ljósmynd 32 Horft í vestur eftir skurði 21. Rautt yfirborðslag sést neðst á mynd.

Tóft sem liggur með grónu barði á vesturhlið. Einungis örþunnt áfokslag var á milli mannvistarinnar og grasrótar. Austast í skurðinum var rauðleitt lag með dálitlu af dökkum gjóskublettum. Þetta lag var frekar þétt og jafnvel traðkað sumsstaðar. Ljósa lagið [45] gengur undir þetta yfirborðslag en það virðist hins vegar liggja upp að veggnum [46]. Ekki er ljóst á þessu stigi hvort grafið hefur verið í [45] og veggurinn hlaðinn upp að niðurgreftrinum eða hvort því hafi verið mokað upp að veggnum. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en mögulega gæti verið um að ræða einhvers konar aðhald frekar en tóft en því verður ekki svarað með þessum skurði.



Teikning 3 Flatarteikning af mannvist í skurði 31.

Könnunarskurður 32

Lega ISN93: 536578,591600

Stærð: 4m x 1m

Í þessum skurði kom í ljós garðlag sem líklega þar sama og sést í skurði. Fyrst var talið að um tóft væri að ræða og því var ekki grafið í gegnum vegginn. Við úrvinnslu sést hins vegar að þetta er nokkuð líklega garðlag. Það er fremur vel varðveitt hér, með LNS í torfi og H-3.



Ljósmynd 33 Garðlag, horft til suðausturs.

Könnunarskurður 33

Lega ISN93: 536602,591709

Stærð: 9,5 m x 1m

Langur skurður sem nær frá meintri tóft í hringlaga þúfukarga og suður yfir mörk kargans. Spurningarnar sem reynt var að svara með skurðinum voru hvort ummerki myndast um garðlag á þessum mörkum og hvort tóft reyndist fyrir innan það.



Ljósmynd 34 Horft til norðurs yfir skurð 33 og mögulega tóft.

Eins og sjá má á ljósmynd 33 virðist sem torfhleðslan sem kom í ljós í bláendann á skurðinum passa við það sem gæti verið lítil tóft. Torfhrun var hreinsað að hluta frá hleðslunni til að sjá hvernig varðveislan væri. Hér líkt og annars staðar á svæðinu er fremur lítið eftir af torfhleðslunni, um 10 cm. Suðurendi skurðarinnar hitti á stað þar sem þúfumyndun hefur leikið jarðlög illa og ekki sáust nema óljós merki um garðlag á þeim enda.

Könnunarskurðir 34, 35 og 36

Lega ISN93: 53667,591471 / 536556,591971 / 536486,591445

Stærð: 6m / 5m / 5m x 1m

Þessir skurðir eru í túni suðvestan við 3260:1-5. Þar sem stutt var í næstu minjar voru grafnir þrír skurðir í grunsamlegar dældir nyrst í túninu. Þetta tún hefur verið sléttað og bera skurðirnir þess merki. Engin mannvist fannst í skurðum 35 og 36 en mjög hreyfð lög voru í efstu lögum í skurði 34. Ef einhver mannvist fyrirfinnst þar er hún mjög brotakennd og þunn.



Ljósmynd 35 Fremst á mynd sér í skurði 35 og 36. minjasvæði 3260:1-5 er í baksýn til norðausturs.



*Ljósmynd 36 Könnunarhola í meint gerði.
Horft til suðurs.*

Þar sem enn átti eftir að kanna meint gerði var í samráði við minjavörð farið af stað á ný og grafnar fjórar könnunarholur. Þær sýndu það sama og skurðirnir fyrr, gegnsósa jarðveg með dökkum jarðlögum sem erfitt var að aðgreina. Holurnar fylltust jafnóðum svo ekki var hægt að skoða sniðin. Á þeim stað sem gerðið var skráð áður er gömul tjörn en nokkrar slíkar eru þarna í mýrinni. Því er líklegast að þarna hafi verið um að ræða yfirborðsmyndun vegna upphornaðrar tjarnir.

Niðurstöður

Mannvist kom í ljós í meirihluta þeirra skurða sem voru grafnir enda var þeim valinn staður þar sem helst mætti vænta minja. Markmiðið var að skrá nýlega fundnar minjar og umfang þeirra og leitast þannig við að koma í veg fyrir mögulega kostnaðarsamar tafir og breytingar síðar þegar framkvæmdir á svæðinu verða komnar í fullan gang.

Þrátt fyrir að minjar fyndust víða á rannsóknarsvæðinu kom skýrt í ljós hversu illa varðveittar þær eru, bæði af mannavöldum en ekki síst af völdum náttúruaflanna. Túnasléttun hefur án vafa tekið vel ofan af skála og öðrum mannvirkjum sem liggja undir túni og á syðsta rústahólnum hefur mannvistin blásið burt með öðrum jarðlögum. Flóknasta svæðið var nyrsta og umfangsmesta svæðið. Þar er enn virkur uppblástur og ljóst að svo hefur verið um langan aldur. Þó er greinilegt að rólegri tímabil koma inn á milli þar sem bæði sjást gömul og gróin rofabörð innan um nýrofinn svörð. Þá er þetta svæði afar vott, í raun mýrlent, svo frostverkunar gætir mjög. Þúfnamyndun ásamt kjarrgróðri og sinu gerir fornleifarannsóknir tímafrekari og erfiðlega getur reynst að sjá fornleifar í þúfnakargi og lággróðri. Því eru skurðirnir fleiri en gengið var út frá í upphafi. Með fleiri skurðum en stuttum var hægt að ná yfir stærra svæði og með því auka líkurnar á að hægt sé að losa um framkvæmdasvæði.

Flestar minjarnar sem komu í ljós voru garðlög, en nokkrar tóftir fundust, engar þó með þykum gólfögum eða miklum mannvistarlögum.

Samkvæmt gjóskurannsókn eru flestar minjarnar sem fundust frá 10.-11. öld. Á einum stað fannst gjóska frá Veiðivötnum sem féll um 1477 yfir túngarði. Það bendir til þess að nokkuð þétt virðist hafa verið búið á Dysnesi á 10.-11. öld en svo virðist sem verði mikil breyting og einungis á einum stað virðast vera einhver umsvif eftir 11. öld; í lítilli tóft sem er líklega frá 14. öld og virðist vera hringlaga gerði utan um hana (sjá minjar í skurðum 24 og 33). Ekki er hægt að útiloka að yngri minjar séu horfnar vegna jarðvegseyðingar en það verður að teljast frekar hæpið að engin ummerki utan þessarar einu tóftar frá 14. öld hafi varðveist ef mikil umsvif voru á svæðinu.

Heimildaskrá

Howell M. Roberts. 2017. *Fornleifauppgröftur á Dysnesi við Eyjafjörð 2017: Fyrri áfangi með enskri samantekt*. FS663-17121. Fornleifastofnun Íslands ses.

Stefán Ólafsson. 2016. *Deiliskráning við Dysnes*. FS615-16021. Fornleifastofnun Íslands ses.

Óútgefnar heimildir

Orri Vésteinsson. 07. 09. 2017. Minnisblað um fornleifar í grennd við Dysnes á Gálmaströnd.


Fylgiskjöl

Einingalisti


Eininga númer	minja svæði	Skurða númer	Tegund	Lýsing
1	3260:6	1	Torfhrun	Járnrikt torf, rauðleitt með flekkjum af H-4 gjósku.
2	3260:6	1	Grjót	Holtagrjót, hvassar brúnir. Getur hafa verið hluti af hleðslu þó það sé ekki skýrt.
3	3260:6	1	Uppmokstur	Torfkenndur jarðvegur, blandaður jökulruðningi.
4	3260:6	1	Niðurgröftur	Nær milli langhliða skurðar, mjókkar eilítið til suðurs. Skorið í gegnum [3] og [5].
5	3260:6	1	Torfhrun	Torf, líkt torfi í [1], með LNS.
6	3260:6	1	Niðurgröftur	Líklega niðurgröftur. Meira hringlaga en [4] og minni. Sker í gegnum [7].
7	3260:6	1	Hreyft	Torfkennt lag, hreyft. Með blettum af H-3 gjóskunni. Mögulega uppmokstur.
8	3260:6	1	Óhreyft	Óhreyfð grús og mól sem liggur ofan á jökulruðningi.
9	3260:6	1	Fylling	Fylling í niðurgreftri [4]. Dökkleit torffylling með grjóti líku því sem var í lagi [2]. Mjög smáir blettir af H-3 gjósku.
10	3260:6	1	Fylling	Fylling í niðurgreftri [6]. Dökkleit torffylling en einsleitari en í [9]. Blettir af LNS.
11	3260:6	2	Veggur	A-langveggur. Dökkleitur með mikilli dökkri gjósku (LNS). Syðst er þykk linsa af grárrí gjósku sem er frá því fyrir LNS.
12	3260:6	2	Torfhrun	Torfhrun úr eystri langvegg. Liggur yfir yfirborðslagi [23] en er undir áfokslagi [14].
13	3260:6	2	Veggur	N-veggur. Lítið eftir af torfi en þó má sjá gjósku (LNS) og rauða í torfi.
14	3260:6	2	Áfok	Áfoksjarðvegur. Einsleitur og liggur ofan á torfhruni [12] og yfirborðslögum [15] og [23]. Liggur í kringum stoðarholu [21].
15	3260:6	2	Yfirborðslag	Með blettum af LNS, ekki jafnflekkótt og yfirborðslag [23] en gæti þó verið sama lagið. Einnig mun traðkaðra.
16	3260:6	2	Gjóska	H-3 gjóska in situ. Gjóska hefur verið skorin fyrir gólfum innan í tóftinni. Ofan á gjóskuna hefur svo verið hlaðnir torfveggir. Ekkert hefur varðveist af V-langveggunum en örlítið er eftir af þeim nyrðri [13].
17	3260:6	2	Stoðarhola	Stoðarhola.
18	3260:6	2	Stoðarhola	Stoðarhola eða innrétting? Ferhynd. Dökk fylling.
19	3260:6	2	Stoðarhola	Stoðarhola eða innrétting? Fylling dökkbrún. Örlitlar viðarleifar í fyllingu.
20	3260:6	2	Stoðarhola	Stoðarhola eða innrétting? Fylling dökkbrún.
21	3260:6	2	Stoðarhola	Stoðarhola við vestari langvegg, fylling dökkbrún
22	3260:6	2	Stoðarhola	Stoðarhola með leifum af stoð. Ekkert eftir til að varðveita.
23	3260:6	2	Yfirborðslag	Yfirborðslag, líkt [15] en flekkóttara og dekkra. Gengur upp að niðurgreftri við vegg [25] og upp að stoðarholum [19] og [20].
24	3260:6	2	Stoðarhola	Stoðarhola við inggang og cystri langvegg. Fylling einsleit, grábrún.
25	3260:6	2	Gjóska	Sama og [16]. H-3 gjóska in situ. Gjóska hefur verið skorin fyrir gólfum innan í tóftinni. Ofan á gjóskuna hefur svo verið hlaðnir torfveggir. Ekkert hefur varðveist af V-langveggunum en örlítið er eftir af þeim nyrðri [13].
26	3260:7	7	Grasrót	Grasrót.
27	3260:7	7	Áfok	Blanda af H-3, rauðum áfoksjarðvegi og einstaka bletti af LNS. Rauðablettir.
28	3260:7	7	Torfhrun	Torfhrun úr [30].
29	3260:7	7	Torfhrun	Líkist torfhruni [28] en blandaðra áfoki.
30	3260:7	7	Veggur	Syðri langveggur. Strengur með LNS og H-3.
31	3260:7	7	Veggur	Torfhleðsla sunnan við vegg [30]. Strengur með H-3. Mun þynnri strengir en í [30]. Mögulegt að H-1104 sé einnig í torfinu.

32	3260:7	7	Torf	Torfhleðsla, hugsanlega set. Með miklu af H-3 og hnausar með LNS.
33	3260:7	7	Torfhrun	Torfhrun, líklegast úr [30].
34	3260:7	7	Torfhrun	Þakhrun.
35	3260:7	7	Óhreyft	Náttúrulegur mýrarjarðvegur með rauða.
36	3260:7	11	Niðurgröftur	Niðurgröftur í N-sniði. Með kúptan botn.
37	3260:7	11	Niðurgröftur	Niðurgröftur í A-sniði. Ekki jafngreinilegur og [36]. Líkt og H-3 gjóska fylli hann að einhverju leyti.
38	3260:7	11	Hreyft	Hreyfður jarðvegur efst við grasrót. Dökkur með H-3 blettum.
39	3260:7	11	Torf	Torfhleðsla. Um 20-25cm þykk. Mikið hreyfð vegna vinds.
40	3260:7	14	Torf	Torfhleðsla með H-3 og LNS.
41	3260:1-5	16	Garður	Túngarður hlaðinn úr torfi. Strengur með LNS og H-3. Þúfnamyndun hefur raskað honum þó nokkuð. 3260:3
42	3260:1-5	16	Hreyft	Hreyft lag ofan á túngarði.
43	3260:1-5	16	Áfok	Áfokslag. Einsleitt.
44	3260:1-5	22	Yfirborðslag	Rauðleitt með blettum af dökkri gjósku (ekki mikið).
45	3260:1-5	22	Yfirborðslag?	H-3 sem hefur verið skorið til vesturs fyrir gólfi og austurs fyrir torfvegg. Duftkennt efst og virðist óhreyft.
46	3260:1-5	22	Torf	Torfveggur. H-3 og LNS í torfi. Þykk, dökk gjóska í bunkum sumsstaðar.
47	3260:1-5	22	Yfirborð	Yfirborð fyrir utan vegg. Þunn móaska með smágerðum viðarkolaleifum.
48	3260:1-5	22	Gjóska	H-3
49	3260:1-5	24	Garður	Garðlag. Hugsanlega sama og sást ógreinilega vestast í skurði 33.
50	3260:1-5	24	Gjóska	H-1300 í torfi og <i>in situ</i> undir garðinum.
51	3260:1-5	24	Áfok	Áfok- og jarðvegssuppsöfnun.
52	3260:1-5	24	Rauði	Rauðalag undir LNS
53	3260:1-5	24	Gjóska	LNS <i>in situ</i> .
54	3260:1-5	19	Garður	Garðlag með slitrum af H-3 og LNS.
55	3260:1-5	21	Torf	Torfveggur í tóft með LNS og H-3. Strengur.
56	3260:1-5	21	Torf	Torfveggur í tóft með LNS og H-3. Strengur.
57	3260:1-5	21	Torfhrun	Torfhrun sem liggur upp að torfvegg 55. Það hefur hugsanlega verið grafið í það um miðja tóftina. Torfhrun 58 liggur þar ofan í.
58	3260:1-5	21	Torfhrun	Torfhrun sem liggur upp að torfvegg 56 og að torfhruni 57.


Yfirlitskort af minjasvæðum



Kort 4 Yfirlitskort með skurðum 3260:7.




Kort 5 Yfirlitskort með skurðum 3260:1-5.



Kort 6 Yfirlitskort með skurðum 3260:6.

Loftmyndir



Ljósmynd 38 Flygildismynd af skurðum á minjasvæði 3260:7. Horft til suðurs.



Ljósmynd 37 Flygildismynd. Hluti af minjasvæði 3260:1-5 er neðst fyrir miðri mynd en minjasvæði 3260:6 efst á mynd fyrir miðju. Glittir í skurði á 3260:7 efst í vinstra horni.



Ljósmynd 39 Flygildismynd af skurðum á minjasvæði 3260:6. Séð til suðvesturs.

Ljósmyndaskrá

Ljósmynd 1 Horft til suðausturs yfir rústahólinn og könnunarskurði.	5
Ljósmynd 2 Horft til norðvesturs eftir skurði 1.	7
Ljósmynd 3 Tóft í skurði 2. Horft til suðausturs.	9
Ljósmynd 4 Suðaustursnið í skurði 3.	12
Ljósmynd 5 Suðvestursnið í skurði 4.	12
Ljósmynd 6 Horft eftir skurði 5 til vestnorðvesturs.	13
Ljósmynd 7 Horft til norðurs eftir skurði sex.	13
Ljósmynd 8 Horft til austurs eftir skálatóft við upphaf skurðargraftar.	15
Ljósmynd 9 Norðurendi í skurði 7. Engin gólfög fundust en þetta er innan veggja skálans. Horft til austurs.	16
Ljósmynd 10 Austursnið í skurði 7. Sunnan megin við skálavegg.	17
Ljósmynd 11 Engin mannvist sást. Horft til vesturs.	18
Ljósmynd 12 Horft í norður.	18
Ljósmynd 13 Hreyfður jarðvegur. Horft til norðurs.	18
Ljósmynd 14 Mikil hreyfing er á efstu lögunum. Horft til norðurs.	19
Ljósmynd 15 Niðurgröftur í austursniði. Horft yfir að Kumlholti í suðaustur.	19
Ljósmynd 16 Jarðlögin hafa færst mikið úr stað. Horft til norðurs.	20
Ljósmynd 17 Illa varðveitt torf? Horft til norðurs.	20
Ljósmynd 18 Torfhleðsla í austursniði. Mælistikan er einn metri.	20
Ljósmynd 19 Mikið vindrof og afleiðingar túnasléttunar. Horft til vesturs.	21
Ljósmynd 20 Túngarður í sniði. Horft til norðurs.	23
Ljósmynd 21 Torfhlaðinn garður í skurði 17. Horft til norðausturs.	23
Ljósmynd 22 Skurður 18. Í honum reyndist ekki skálaveggur heldur leifar garðs. Horft til suðausturs.	24
Ljósmynd 23 Garðlag með slitrum af LNS og H-3. Horft til norðausturs.	24
Ljósmynd 24 Torfveggir og torfhrun. Horft til norðurs.	25
Ljósmynd 25 Tóftaveggur með H-3 og LNS. Horft til suðausturs.	25
Ljósmynd 26 Gamalt rof og þúfnamyndun. Horft í norðaustur.	26
Ljósmynd 27 Fyrstu tveir metrarnir af norðaustursniði skurðar. Norðurendi, horft til norðausturs.	26
Ljósmynd 28 Skurður 25 og mögulegar útlínur tóftarinnar. Horft til norðausturs.	27
Ljósmynd 29 Drónamynd tekin af Antoni Bj. Horft yfir skurði í mýri til suðvesturs.	27

Ljósmynd 30 Forsöguleg fingerð mól í botni skurðar.....	28
Ljósmynd 31 Sennilega er þarna að sjá gróið, gamal rofabarð. Horft til norðausturs.	28
Ljósmynd 32 Horft í vestur eftir skurði 21. Rautt yfirborðslag sést neðst á mynd.....	28
Ljósmynd 33 Garðlag, horft til suðausturs.....	29
Ljósmynd 34 Horft til norðurs yfir skurð 33 og mögulega tóft.	30
Ljósmynd 35 Fremst á mynd sér í skurði 35 og 36. minjasvæði 3260:1-5 er í baksýn til norðausturs.	30
Ljósmynd 36 Könnunarhola í meint gerði. Horft til suðurs.....	31
Ljósmynd 38 Flygildismynd. Hluti af minjasvæði 3260:1-5 er neðst fyrir miðri mynd en minjasvæði 3260:6 efst á mynd fyrir miðju. Glittir í skurði á 3260:7 efst í vinstra horni.	39
Ljósmynd 37 Flygildismynd af skurðum á minjasvæði 3260:7. Horft til suðurs.	39
Ljósmynd 39 Flygildismynd af skurðum á minjasvæði 3260:6. Séð til suðvesturs.....	40

Kortaskrá

Kort 1 Dreifing skurða á hólnum.	6
Kort 2 Kort sem sýnir dreifingu könnunarskurða á minjasvæði 3260:7.....	14
Kort 3 Yfirlitskort fyrir minjasvæði 3260:1-5.....	22
Kort 4 Yfirlitskort með skurðum 3260:7.....	36
Kort 5 Yfirlitskort með skurðum 3260:1-5.	37
Kort 6 Yfirlitskort með skurðum 3260:6.....	38

Gjóskugreinargerð

Fornleifarannsókn á Dysnesi við Eyjafjörð

Gjóskulagarannsókn

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netfang: mas@isor.is og magnussigurg@gmail.com

INNGANGUR

Þann 5. apríl 2025 var farin vettvangsferð að Dysnesi við vesturströnd Eyjafjarðar (2,5 km norðan Hörgárósa). Skoðað var í könnunarskurði á svæðinu. Skurðirnir voru um 30 talsins, mismunandi að stærð. Ekki voru mannvistarleifar í þeim öllum (mynd 1). Mælt var eitt snið og gjóskusýni tekin til frekari athuguna.

Helstu gjóskulög við vestanverðan Eyjafjörð – fyrri rannsóknir

Samkvæmt fyrri rannsóknum má vænta þess að finna eftirtalin gjóskulög í Eyjafirði yngri en Landnámslag (líklegar þykktir eru gefnar):

Landnámslagið (LNL) frá því um 880 (mjög þunnt við utanverðan Eyjafjörð en þykkar til suðurs).

V-Sv frá um 940 með upptök í Bárðarbungu-Veiðivatnakerfi. Þunnt við utanverðan Eyjafjörð en þykkar inn til landsins.

H-1104 (hvítt, 1-3 mm að þykkt).

H-1300 (allskýrt víðast hvar við Eyjafjörð, eitt besta leiðarlagið þar)

V-1477 (0,5-1 cm við utanverðan Eyjafjörð, finnst ekki alls staðar, t.d. ekki á Gásum).

H-1766 (finnst víða).

Landnámssyrpan (LNS). Í Á mið-Norðurlandi og NA-landi er LNS yfirleitt skýr en í henni eru allt að sex dökk gjóskulög með stuttu millibili. Lögin mynduðust á rúmlega 200 ára tímabili. Á Norðurlandi verður LNS ógreinilegri eftir því sem vestar og norðar er farið, vestan Eyjafjarðar eru vart fleiri en 2-3 lög greinanleg í LNS. Yngsta lagið er V-Sv. Þykkt LNS er yfirleitt á bilinu 4-6 cm þykk og þekkist gjarnan af dökkum lífrænum jarðvegi á milli laganna. Auk þessara laga er vert að nefna ljósa Heklulagið Heklu-3, um 3000 ára gamalt. Þetta lag er áberandi í jarðvegi á Norðurlandi, nokkru neðan mannvistarleifa, en oft eru slitrus af því í torfi og fyllingum (Sigurður Þórarinsson 1968, Guðrún Larsen 1984, Karl Grönvold o.fl. 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 1993; 1998; 2002, Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2010, Magnús Á. Sigurgeirsson o.fl. 2013, Sigl et al. 2015, Janeboe o.fl. 2016).



Mynd 1. Yfirlitsmynd af athugunarsvæðinu á Dysnesi (frá Google Earth). Skurðir eða gryfjur þar sem vísbendingar um mannvist sáust er merkt með rauðum punktum (nr. 1-13). Hnit staðanna eru sýnd í töflu 1.

Athugunarstaðir (í þeirri röð sem þeir voru skoðaðir)

Staðir 1-7 eru í þýfðum og blautum móa nyrst á svæðinu, norðan túna. Staðir 8 og 11 eru á sléttu túni norðan bæjarhúsa Gilsbakka og staðir 12 og 13 eru syðst og vestast á svæðinu. Í öðrum skurðum á svæðinu sem skoðaðir voru sáust ekki merki um mannvist, nokkrir voru fullir af vatni og óaðgengilegir.

Staður-1 (R-28) (p. 854, N65° 49.246' V18° 11.981'):

Skurður í fremur óljóst garðlag. Landið þarna er mjög þýft og blautt. Torf og fylling er um 25 cm þykkt. Undir torfinu er dökk/svört slitrótt gjóska (sýni). Einnig er grátt gjóskulag efst í torfinu (sýni). LNS má greina undir garðlaginu, sem dökkt jarðvegslag. Samkvæmt smásjárskoðun á sýninu undan garðinum eru um að ræða H-1300. Lagið efst í garðinum er einnig H-1300, vafalítið í streng. Segja má því með góðri vissu að garðlagið sé frá því nokkru eftir 1300, e.t.v. 14. öld, en um það skal ekki fullyrt.

Staður-2 (R-34) (p. 855, N65° 49.293' V18° 11.993'):

Meint gerði nyrst á svæðinu. Ekkert að sjá vegna vatns í skurði.



Mynd 2. Staður-1 (R-28). Greina má dökkgrátt gjóskulag yfir meintu garðlagi.

Staður-3 (p. 856, N65° 49.229' V18° 11.966'):

Skurður í garðlag. Hér er vafalítið torf með LNS en bygging garðsins er óljós vegna frosthreyfinga.

Staður-4 (R-23) (p. 857, N65° 49.204' V18° 11.999'):

Tóft í þýfðum móa. LNS er undir torfvegg. Þunnt ljóst mannvistarlag er næst ofan á LNS, undir veggnum. Í torfinu er strengur með LNS og slitrum af Heklu-3. Svart gjóskulag er efst í veggnum (sýni) ásamt Heklu-3. Vafalítið er um vegghleðslu að ræða. Niðurgroft má sjá um 30 cm utan við vegginn, í gegnum LNS (mynd 3). Gráar gjóskuslitur eru í torfhruni utan veggs (sýni). Samkvæmt smásjárskoðun eru sýnin úr sama gjóskulaginu, sem að öllum líkindum er eitt af lögum LNS. Líklega er um að ræða gjóskulag með upptök í Grímsvötnum sem áberandi er neðan til í LNS við Eyjafjörð. Lagið gæti verið frá um 800 e.Kr.

Staður-5 (p. 858, N65° 49.176' V18° 11.976'):

Garðlag. Sjá má torfhleðslu, um 0,5 m þykka með slitrum úr LNS og Heklu-3. Engin gjóska sést yfir eða undir veggnum með vissu. Landið er mjög þýft.

Staður-6 (p. 859, N65° 49.193' V18° 11.979'):

Garðlag. Þunnt torflag sést í norðurenda skurðar með LNS undir og í torfinu. Sýni tekið úr gjóskulagi í LNS. Yfir torfinu er svart 0,7 cm þykkt gjóskulag (sýni). Mikil frosthreyfing. Samkvæmt smásjárskoðun á sýnunum er fyrnefnda sýnið líklega úr Grímsvatnagjósku en í síðarnefnda sýninu er gjóska af öðrum uppruna, mögulega er um V-1477 að ræða.



Mynd 3. Staður-4. Sjá má merki um niðurgröft utan við vegginn. Múrskeiðin situr í torfi.

Staður-7 (p. 860, N65° 49.149' V18° 11.967'):

Líklega garðlag. Torf og uppmokstur með LNS og Heklu-3 sést. Um er að ræða illa farnar leifar af garðlagi. Sýni tekið af dökkri gjósku efsti í torfinu. Smásjárskoðun bendir til að um sé að ræða Grímsvatnagjóska úr LNS.

Staður-8 (p. 861, N65° 48.995' V18° 11.696'):

Merki eru um torfhleðslu í SA-horni skurðarins, mest uppmokstur með LNS og Heklu-3. Engin gjóska sést yfir. Um er að ræða sléttað tún og frosthreyfingar eru miklar.

Staður-9 (p. 862, N65° 48.983' V18° 11.674'):


Lítill sem engin merki um mannvist. Smávegis uppmokstur sést við yfirborð. Vafalítið hafa mannvistarlög að einhverju leyti orðið túnsléttun að bráð.

Staður-10 (p. 863, N65° 48.979' V18° 11.623'):

Líkt og á stað-9 er 10-15 cm lag af uppmokstri við yfirborð.

Staður-11 (p. 864, N65° 48.998' V18° 11.662'):

Mögulegur skáli. Mælt var snið í vegg tóftarinnar 3 m frá norðurenda skurðarins (mynd 4). Slitrur af LNS eru í torfinu. Grafin var lítil hola 5 m norðar (innan meintrar byggingar). Þar mátti sjá LNS með einu skýru gjóskulagi (sýni) og þunnt mannvistarlag ofan á því. Engin gólfög sáust. Samkvæmt smásjárskoðun en sýnið úr Grímsvatnagjósku í LNS, sem áberandi er á svæðinu. Þetta sama gjóskulag er einnig í torfi meints skála. Ekkert gjóskulag var að finna ofan við torfið, en þarna er sléttað tún.



Mynd 4. Staður-11, ljósmynd og teikning af sama sniði. LNS er svört á miðri mynd og ofan hennar tekur við torf með slitrum af LNS og Heklu-3.

Staður-12 (sk-2) (p. 865, N65° 48.944' V18° 12.150'):

Meint tóft ofan á hól. Sjá má þunnt torflag með LNS og Heklu-3. Engin gjóska sést yfir eða undir (nema Hekla-3). Óljós strúktúr er á byggingunni, illa varðveitt.

Staður-13 (sk-1) (p. 866, N65° 48.952' V18° 12.164'):

Torfskæni með LNS og Heklu-3 sést, óljós strúktúr. Engin gjóska er undir eða yfir torfinu.

Tafla 1. Hnit athugunarstaða í Dysnesi. Staðina má sjá á mynd 1.

Mælipunktur	Staður	Tímasetning	Hnit
854	1	"05-APR-25 10:25:57"	N65° 49.246' W18° 11.981'
855	2	"05-APR-25 10:59:17"	N65° 49.293' W18° 11.993'
856	3	"05-APR-25 11:09:08"	N65° 49.229' W18° 11.966'
857	4	"05-APR-25 11:19:35"	N65° 49.204' W18° 11.999'
858	5	"05-APR-25 12:24:26"	N65° 49.176' W18° 11.976'
859	6	"05-APR-25 12:41:24"	N65° 49.193' W18° 11.979'
860	7	"05-APR-25 13:20:59"	N65° 49.149' W18° 11.967'
861	8	"05-APR-25 14:03:51"	N65° 48.995' W18° 11.696'
862	9	"05-APR-25 14:17:41"	N65° 48.983' W18° 11.674'
863	10	"05-APR-25 14:21:59"	N65° 48.979' W18° 11.623'
864	11	"05-APR-25 15:29:15"	N65° 48.998' W18° 11.662'
865	12	"05-APR-25 16:16:58"	N65° 48.944' W18° 12.150'
866	13	"05-APR-25 16:32:54"	N65° 48.952' W18° 12.164'

Niðurstöður og ályktanir

Lítið fannst af gjóskulögum frá sögulegum tíma. LNS var sjáanleg í flestum skurðunum en er misvel varðveitt. Gjóskulögin H-1104 og V-1477 sáust ekki en H-1300 fannst á einum stað með vissu. Ljósá gjóskulagið Heklu-3 (3000 ára) mátti sjá víða, bæði óhreyft og í torfi.

- Ummerki fundust um torfhlaðin mannvirki á nokkrum stöðum.
- Veggheðslur og aðrar minjar voru almennt illa varðveittar vegna frosthreyfinga (þúfnamyndunar), rofs og túnsléttunar. Norðurhluti svæðisins er votlendur.
- Varðveisla gjóskulaga á svæðinu er fremur slæm, fá gjóskulög frá sögulegum tíma fundust. Helst komu að notum LNS og Hekla-1300. Hæg jarðvegsþykknun, jarðvegseyðing og túnsléttun skipta þar mestu máli.
- Mannvistatarlög (garðlög og veggir) sem fundust á svæðinu eru líklega að mestu frá 10.-11. öld en einnig voru merki um yngri minjar, líklega frá 14. öld. Aldursgreiningarnar eru ónákvæmar þar sem í fæstum tilvikum fannst óhreyft gjóskulag yfir mannvirkjunum.

Helstu heimildir

- Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2010. Forn garðlög í Dalvíkurbyggð; Fornleifakönnun á garðlögum í Svarfaðardal og á Árskógsströnd. Fornleifastofnun Íslands FS452-10071, Reykjavík. (Með viðauka um gjóskulagagreiningu).
- Guðrún Larsen 1984. Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. *J Volcanol. Geotherm. Res.* 22: 33-58.
- Janeboe, H.J., Thorvaldur Thordarson, Houghton B.F., Bonadonna C., Gudrun Larsen, Carey R.J. 2016. Dispersal of key subplinian – Plinian tephras from Hekla volcano, Iceland: implications for eruption source parameters. *Bull Volcanol* (2016) 78: 66.
- Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús S. Johnsen, Clausen, H. B., Hammer, C. U., Bond, G., Bard, E. 1995. Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135: 149-155.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1993. Gjóskulög í innanverðum Eyjafjarðardal. Jarðfræðafélag Íslands, vörðstefna, dagskrá og ágrip, bls. 41-42.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1998. Gjóskulagarannsóknir á Hofstöðum 1992-1997. *Archaeologia Islandica* 1: 110-118.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 2002. Fornleifarannsókn á Gásum í Eyjafirði 2002 – Gjóskulagagreining. Greinargerð 02/2002.
- Magnús Á. Sigurgeirsson, Ulf Hauptfleisch, Anthony Newton, Árni Einarsson 2013. Dating of the Viking Age Landnám Tephra Sequence in Lake Mývatn Sediment, North Iceland. *Journal of the North Atlantic* 21, s. 1-11.
- Sigl, M., Winstrup, M., McConnell, J.R., Welten, K.C., Plunkett, G., Ludlow, F., Büntgen, U., Caffee, M., Chellman, N., Dahl-Jensen, D., Fischer, H., Kipfstuhl, S., Kostick, C., Maselli, O.J., Mekhaldi, F., Mulvaney, R., Muscheler, R., Pasteris, D.R., Pilcher, J.R., Salzer, M., Schüpbach, S., Steffensen, J.P., Vinther, B.M. & Woodruff, T.E. 2015. Timing and climate forcing of volcanic eruptions for the past 2,500 years. *Nature* 523: 543-552.
- Sigurður Þórarinnsson 1968. Heklueldar. Sögufélag, Reykjavík, 185 s.